

**KONUNGSBRÉF**

um setning Alþingis.

48

5. sept.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Vér viljum hérmeð veita yður sem forsætisráðherra  
Vorum umboð til þess í Voru nafni að setja Alþingi, er koma á saman  
til reglulegs fundar mánudaginn 1. október 1934.

*Gjört á Amaliuborg, 5. september 1934.*

Undir Vor konunglega hönd og innsigli.

**Christian R.**

(L. S.)

*Hermann Jónasson.*

**BRÁÐABIRGÐALÖG**

um meðferð og sölu mjólkur og rjóma o. fl.

49

10. sept.

Vér Christian hinn Tíundi, af guðs náð konungur Íslands og Danmerkur,  
Vinda og Gauta, hertogi í Slésvík, Holtsetalandi, Stórmæri, Þéttmerski,  
Láenberg og Aldinborg,

*Gjörum kunnugt:* Forsætisráðherra og landbúnaðarráðherra Vor hefir  
þegnlega borið upp fyrir Oss, að ástand það, sem nú er í landinu um með-  
ferð og sölu mjólkur og rjóma og fleiri mjólkurafurða, sé með öllu óvið-  
unandi og þurfi skjótra aðgerða um lagfæringu þess. Lög nr. 97, 19. júní  
1933, hafi reynzt algerlega ófullnægjandi og ónothæf, og að við eldri ákvæði,  
sem um þessi mál séu til, verði eigi unað lengur og sé af ýmsum ástæðum  
nauðsynlegt að geta þegar í stað byrjað á að koma mjólkursölumálunum  
í viðunanlegt horf, þar sem hér sé um að ræða eitt af aðalmálum landbún-  
aðarins, sem nú standi mjög höllum fæti hjá mjólkurframleiðendum sem  
öðrum, sem landbúnað stunda. Þar sem með nýju fyrirkomulagi og bættu  
skipulagi á meðferð og sölu mjólkur og fleiri mjólkurafurða virðist muni  
mega takast að gera umbætur, sem orðið geti bæði framleiðendum og neyt-